

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundalóðar í Tungufellsdal.*
Deiliskipulagið nær yfir landspildu í Tungufellsdal með landnr. 167035 sem liggur að ármótum Svartár og Dalsár. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa nýtt 60 fm frístundahús á einni hæð í stað eldra húss sem fyrir er á lóðinni sem verður fjarlæggt samhliða uppbyggingu á nýju húsi.
Samþykkt í sveitarstjórn 20. desember 2010.
2. *Deiliskipulag Birtingaholts 2, 4 og 5.*
Í deiliskipulaginu felst að gert er ráð fyrir lóð fyrir vélageymslu og kornvinnslu, lóð fyrir sumarhús/starfsmannahús, lóð fyrir íbúðarhús og byggingarreit fyrir bílskúr.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. júlí 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.